

Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir

From: Berglind Ósk Kjartansdóttir
Sent: þriðjudagur, 25. maí 2021 12:51
To: Skipulag
Subject: FW: Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag Arnarnesvegur, 3. áfanga. Umsögn Náttúrufræðistofnunar.
Attachments: Snorri%20Sigurðsson_files/image001.png

Bestu kveðjur,

Berglind Ósk Kjartansdóttir
Skrifstofustjóri umhverfissviðs
Umhverfissvið Kópavogsbæjar
Sími 441 0000

Kópavogsbær | Digranesvegi 1 | 200 Kópavogur

Þessi tölvupóstur og viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist yður vinsamlega gætið fyllsta trúnaðar, tilkynnið sendanda og eyðileggið sendinguna eins og skylt er skv. 44. gr. laga nr. 107/1999 um fjarskipti.

The information transmitted, including any attachment, may contain confidential and/or privileged material and is intended only for the addressee. If you receive this in error, please keep the information confidential, contact the sender and delete the material from your system.

From: Snorri Sigurðsson - NI <Snorri.Sigurdsson@ni.is>
Sent: þriðjudagur, 25. maí 2021 11:32
To: Ari Sigfússon <ari.sig@kopavogur.is>; Berglind Ósk Kjartansdóttir <berglindok@kopavogur.is>
Subject: Skipulagslýsing fyrir deiliskipulag Arnarnesvegur, 3. áfanga. Umsögn Náttúrufræðistofnunar.

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0007 (SS)

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir deiliskipulag Arnarnesvegur, 3. Áfanga, frá Rjúpnavegi í Kópavogi að Breiðholti braut í Reykjavík. Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreinda skipulagslýsingu og vill koma með eftirfarandi ábendingar.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar frá 18. febrúar síðastliðinn um að ekki sé þörf á að endurskoða umhverfismat framkvæmdarinnar frá 2003 vekur nokkra furðu því 18 ár eru liðin frá gerð umhverfismatsins og stórir áfangar af heildarframkvæmdinni eru ekki byrjaðir, þar með talinn sá sem hér er til umfjöllunar. Miklar breytingar hafa orðið á umhverfi framkvæmdasvæðisins á þessum 18 árum og því forsendur fyrir mat á umhverfisáhrifum ekki að öllu leyti þær sömu. Mestar breytingar hafa orðið á nánasta umhverfi þar sem ný hverfi hafa risið í Kópavogi austan í og sunnan við Vatnsendahæð. Framkvæmdasvæðið er því nú umkringgt byggð. Náttúrufar hefur einnig tekið miklum breytingum, þar munar hvað mest um breytingar á gróðurfari í vestanverðri Vatnsendahæð ofan við Selja- og Salahverfi. Þar hefur útbreiðsla lúpínu aukist til muna og mólendisgróður látið undan á stórum svæðum. Umfang trjágróðurs hefur einnig aukist á svæðinu, sérstaklega næst byggðinni í Seljahverfi.

Að mati Náttúrufræðistofnunar væri skynsamlegt að leggja nýtt mat á gróðurfar og fuglalíf holtsins í vestanverðri Vatnsendahæð. Það er ekki síst mikilvægt til að geta lagt raunhæft mat á nauðsynlegar mótvægisáðgerðir við framkvæmd vegarins sem og útfærslur á staðsetningu og hönnun áætlaðra göngu- og hjólastíga.

Ein plöntutegund sem er á valista æðplantna, blátoppa, finnst á þessum slóðum. Eins og kom fram í matsskýrslunni 2003 var útbreiðsla lúpínu talin mesta ógnin sem stafaði að henni þá, það hefur ekki breyst. Hins vegar væri skynsamlegt að leggja mat á útbreiðslu tegundarinnar í dag á svæðinu og ef í ljós kemur að veglagningin ógnar mikilvægum fundarstöðum hennar að tilgreina mótvægisáðgerðir svo sem að verja hana gegn ágangi lúpínu.

Líklegt er að fuglalíf hafi tekið breytingum frá því matsskýrslan var unnin bæði vegna aukinnar byggðar og breytingar á gróðurfari. Lúpína og kjarrlendi laðar að aðrar fuglategundir en opið mó- og moslendi. Búast má við að hefðbundnar mólendistegundum eins og heiðlóu og þúfutittlingi hafi fækkað en tegundum sem líkar vel við lúpínu og kjarr eins og skógarþresti hafi fjölgað. Miðað við það mikla rask sem orðið hefur á búsvæðum mófugla á svæðinu er ólíklegt að vegagerðin breyti miklu þar um en tilefni er til að skoða mótvægisáðgerðir.

Einnig mætti meta betur áhrif framkvæmdarinnar á jarðminjar svo sem stórgrýti í grágrýtisurðinni í Vatnsendahæð. Með vexti byggðar á höfuðborgarsvæðinu hefur verið gengið mjög á sambærileg grýtt holt. Grágrýtisholtin eru verðmætur minnisvarði um jarðsögu svæðisins og veita íbúum einstakt aðgengi að áhugaverðum minjum um eldsumbrot, framskrið og hörfun jökla, breytingar á sjávarborði og fleiri sögulega atburði. Grágrýtið er einnig mikilvægt undirlag fyrir fjölbreytta fléttu- og mosaflóru og hefur einstakt gildi fyrir landslag. Huga þarf að mótvægisáðgerðum vegna rasks á þessum jarðminjum við framkvæmd veglagningarinnar t.d. með því að færa til og nýta grjótt af vegstæðinu við landslagshönnun í og við framkvæmdasvæðið.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sérfræðingur á sviði náttúru- og umhverfismála.

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS